

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina umsókn manns um lækkun stofns til tekjuskatts ef veikindi, mannlát, framfærsla vandamanns, menntunarkostnaður barna, eignatjón eða tap á útistandandi kröfum hafa skert gjaldþol framteljanda verulega á tekjuárinu, sbr. 65. gr. laga nr. 90/2003.

Fylgiskjal með
skattframtali árið _____

Nafn umsækjanda	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

Merkið x í viðeigandi reit eftir því hver er ástæða umsóknar og gefið í greinargerð á baksíðu eyðublaðsins þær upplýsingar sem beðið er um í hverju tilviki svo og aðrar þær upplýsingar sem þykja skipta máli.

Nauðsynlegt er að umbeðin gögn fylgi umsókninni.

Umsókn um lækkun á tekjuskattsstofni:

Vegna mannláts.

- Nafn og kennitala hins látna og andlátsdagur.
- Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.

Vegna veikinda, slysa eða ellihörleika.

- Útgjöld umfram venjulegan kostnað og í hverju fólgin. Gögn um kostnað fylgi.
- Málsatvik varðandi veikindi eða slys og hve lengi má ætla að afleiðingar þeirra vari.
- Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.
- Læknisvottorð fylgi.

Vegna barns sem haldið er langvinnum sjúkdómi eða er fatlað og er á framfæri umsækjanda.

- Nafn barns, kennitala og dvalarstaður.
- Útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað og í hverju fólgin. Gögn um kostnað fylgi.
- Bætur og styrkir vegna barnsins á tekjuári.
- Læknisvottorð fylgi eða staðfesting stofnunar þar sem barnið dvelur.

Vegna foreldra eða annarra vandamanna á framfæri umsækjanda.

- Nafn, kennitala og lögheimili vandamanns.
- Útgjöld af þessum ástæðum og í hverju þau eru fólgin. Gögn um kostnað fylgi.
- Tekjur, bætur og styrkir vandamanns á síðasta ári.
- Greiðslur sem umsækjandi fær til framfærslu vandamanns.

Vegna útgjalda vegna menntunar barna umsækjanda, 16 ára og eldri.

Nota skal umsókn á forsíðu framtals. Ef umsækjandi óskar eftir ívilnun vegna útgjalda vegna menntunar barna **af sérstökum ástæðum** skal einnig óska eftir lækkun hér. Fram þurfa að koma:

- Upplýsingar um aukinn kostnað, s.s. vegna skólagjalda og ferðakostnaðar.
- Gögn til staðfestingar á kostnaði.

Vegna eignatjóns sem umsækjandi hefur orðið fyrir.

- Tegund eignar og eignartími.
- Hvaða tjón varð á eigninni og hvenær það varð.
- Heildarskaði af völdum tjónsins og fjárhæð tjónabóta. Gögn um kostnað fylgi.

Vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa af atvinnurekstri.

- Hvenær lánið var veitt eða í ábyrgð gengið og af hvaða ástæðum.
- Nafn lántakanda, kennitala og lögheimili.
- Leggja þarf fram vottorð og gögn sem staðfesta að útlán sé tapað eða ábyrgð fallin án möguleika til endurkröfu.

